

# Rekstur nautakjötsframleiðenda 2021-2023

## Samantekt á greiningu rekstrargagna



Febrúar 2025  
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Verkefnið er unnið með stuðningi úr þróunarsjóði nautgriparæktarinnar.

Forsíðumynd tekin af Rúnari Þór Ragnarssyni, Steinsstöðum & Efstalandi af tarfinum Janssen.

© Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Reykjavík, Ísland, 2025

Starfshópur:

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Guðfinna Harpa Árnadóttir

Ívar Ragnarsson

Kristján Óttar Eymundsson, verkefnisstjóri

María Svanprúður Jónsdóttir

Oddný Steina Valsdóttir

Runólfur Sigursveinsson

Sigríður Ólafsdóttir

## Efnisyfirlit

	Bls.
Formáli .....	4
Um þáttökubúin .....	5
Upplýsingar úr skýrsluhaldinu .....	5
Afurðatekjur og framleiðslukostnaður .....	7
Samanburður á búum eftir framleiðslukerfum .....	9
Rekstraryfirlit þáttökubúa .....	11
Samantekt og afkomuhorfur .....	13
Viðauki 1 .....	14

## Formáli

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) hefur boðið upp á rekstrarverkefni meðal nautakjötsframleiðenda frá árinu 2020. Samhliða verkefninu hefur orðið til gagnagrunnur um afkomuna og spannar hann nú tímabilið frá og með rekstrarárinu 2017.

Fyrsta árið var unnið með gögn frá 20 nautakjötsframleiðendum og 25 árið eftir. Síðan hefur verkefninu verið fram haldið þar sem ári seinna skiluðu 30 framleiðendur inn rekstrargögnum og kom út skýrsla með niðurstöðunum í nóvember 2023. Hún er aðgengileg á heimasíðu RML og ber heitið *Rekstur nautakjötsframleiðenda 2019-2022 og afkomuhorfur*.<sup>1</sup>

Verkefnið er nú á fjórða ári og var markmiðið sem fyrr að fjölga búum milli ára til að styrkja heildarniðurstöður úr verkefninu og samanburð á milli bóa. Markmiðið nú var að ná 35 þátttökubúum. Ánægjulegt er að segja frá því að það markmið náðist og ríflega það en 37 bú skiluðu inn rekstrargögnum fyrir árið 2023.

Þó að gagnasafnið sé ekki stórt þá er þessi vinna mikilvæg á ýmsan hátt. Í fyrsta lagi fá bændur tækifæri til að sjá greiningu á sínum rekstri og hvernig hann stendur í samanburði við aðra. Það á að auðvelda þeim að greina hagræðingarmöguleika í sínum rekstri. Jafnframt hafa niðurstöður úr verkefninu verið aðgengilegar við vinnu hins opinbera, t.d. við mat á þörf á viðbótarfjármagni sem greitt hefur verið til bænda síðustu ár.

Sem fyrr var áhersla lögð á að fá sem best bókhaldsgögn svo hægt væri að greina nánar einstaka rekstrarþætti. Stór hluti þátttakenda er með aðaltekjur sínar af annarri starfsemi og var lögð umtalsverð vinna í að skipta rekstrarkostnaði á þeim búum niður, svo að sem réttust niðurstaða fengist fyrir nautakjötsframleiðsluna.

Verkefnið er samstarfsverkefni nokkurra starfsmanna RML: María Svanprúður sá m.a. um greiningu rekstrargagna, Kristján Óttar sá um greiningu ræktunargagna og gagna um kjötframleiðslu. Eyjólfur Ingvi kom að úrvinnslu í Excel og framsetningu niðurstaðna, sem hefur þróast frá fyrri úrvinnslum. Guðfinna, Runólfur, Sigríður, Oddný og Ívar sáu um gagnasöfnun að hluta, yfirlestur, rýni og fleira.

---

<sup>1</sup> Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (2023). *Rekstur nautakjötsframleiðenda 2019-2022 og afkomuhorfur*. Sótt af [https://www.rml.is/static/files/RML\\_Rekstur/2023/afkoma-nautakjots-2019-2022.pdf](https://www.rml.is/static/files/RML_Rekstur/2023/afkoma-nautakjots-2019-2022.pdf)

Í þessari greiningavinnu er unnið með vegið meðaltal búanna þegar niðurstöður eru reiknaðar í kr./kg og kr./grip en önnur meðaltöl reiknast af fjölda þátttökubúa.

## Um þátttökubúin

Eins og áður hefur komið fram fengust 37 bú til þátttöku í verkefninu. Um var að ræða sömu búin frá árinu áður til viðbótar 7 nýjum búum. 24 bú eru á Norður- og Austurlandi og 13 á Suður- og Vesturlandi. Þessi bú eru mjög breytileg að stærð og samsetningu. 18 bú voru með holdakýr árið 2023 og á sumum þeirra hefur holdakúastofninn farið vaxandi undanfarin ár. Önnur starfsemi á búunum er breytileg. Sumir eru einnig í mjólkurframleiðslu og aðrir í sauðfjárrækt, ferðaþjónustu eða vélaverktöku. Tæplega helmingur þessara búa eða 18 bú voru með meirihluta tekna af nautaeldi.

Þessi mikli breytileiki sem er í þessu litla gagnasafni gerði það að verkum að tölfræðileg greining á því var ekki gerleg en hins vegar eru þar ýmsar vísbendingar sem vert er að rýna nánar.

## Upplýsingar úr skýrsluhaldinu

Ef skoðaðar eru skýrsluhaldsupplýsingar fyrir þau þátttökubú sem halda holdakýr kemur fram talsverður breytileiki milli búa hvað varðar frjósemi kúnna og lifun kálfanna en að meðaltali er niðurstaðan eftirfarandi:

**Tafla 1: Heildar fjöldi holdakúa á þátttökubúum, frjósemi þeirra og afdrif kálfa.**

	2021	2022	2023
Fjöldi búa með holdakýr	19	19	18
Fjöldi kúa/kvígna sem geta borið	1.298	1.402	1.281
Fjöldi kúa/kvígna með burðarsögu í árslok	1.097	1.063	958
Hlutfall kúa/kvígna sem bera	84,5%	75,8%	74,8%
Fjöldi kúa án burðarsögu í árslok (> 430 dagar)	159	307	292
Fjöldi kvígna án burðarsögu í árslok (> 36 mán)	42	32	31
Hlutfall kálfa - fósturlát/f. dauður	8,9%	7,0%	6,4%
Hlutfall kálfa - drapst í fæðingu	2,0%	2,1%	2,3%
Hlutfall kálfa - drapst innan sólarhr.	0,7%	1,9%	1,6%
Hlutfall kálfa - drapst innan 20 daga	2,9%	1,1%	0,7%
Hlutfall kálfa - lifandi	85,4%	87,9%	89,1%

Eins og kemur fram í 1. töflu hefur kálfadauði minnkað á tímabilinu og er kominn niður í um 11% á árinu 2023. Athygli vekur að hlutfall kúa og kvígna sem bera er talsvert lægra árin 2022-2023 en hafði verið árin á undan. Það má velta fyrir sér hvað er að orsaka það. Fjöldi kúa (>430 dagar) og kvígna

(>36 mán.) án burðarsögu miðast við upplýsingar úr lögbundnum skýrsluskilum í desember á hverju ári. Ef burður innan hvers árs hefur verið skráður eftir áramót gefa tölurnar ekki rétta mynd af frjósemi búans. Á sumum búum eru greinileg tækifæri til að bæta skráningar á skýrsluhaldsupplýsingum. Þar er t.d. um að ræða skráningar á burðarupplýsingum, sem eru skráðar seint og getur jafnvel valdið fjárhagslegu tapi vegna lægri gripagreiðslna.

Í 2. töflu má sjá að þátttökubúin eru að slátra samtals frá tæplega 2.000 geldneytum á ári til ríflega 2.200 geldneyta á ári. Aukning er í fjölda innlagðra gripa eftir árum og er meðalfjöldinn kominn í ríflega 60 gripi á bú árið 2023. Meðalframleiðsla á bú fer úr um 15.700 kg árið 2021 í um 17.300 kg árið 2023. Ef hlutdeild þessara framleiðenda af landsframleiðslu ungnautakjöts, skv. upplýsingum frá MAST, er skoðuð kemur í ljós að hún var 18,6% árið 2021 en var komin í 21,8% árið 2023. Í dag fer um 60% af nautakjötsframleiðslunni fram á búum í mjólkurframleiðslu á meðan hin 40% eru framleidd á öðrum nautgripabúum.

Eins og kemur fram í töflu um framleiðslu þátttökubúa hefur verið jákvæð þróun í vaxtarhraða nauta og bættum kjötgæðum hjá þeim. Mjög spennandi tímar eru framundan með kyngreiningu á nautasæði og möguleikum á aukinni notkun á holdasæði fyrir valdar kýr. Ef það verkefni tekst vel mun það bjóða upp á aukna samvinnu mjólkurframleiðenda og þeirra sem vilja sérhæfa sig í nautældi.

**Tafla 2: Fjöldi geldneyta til innleggs, fallþungi og flokkun ásamt fjölda og fallþunga holdakúa.**

Framleiðslutölur	2021	2022	2023	Breyting
Fjöldi geldneyta alls	1.964	2.091	2.231	14%
Innlagt ungnautakjöt, alls kg	566.157	601.746	640.305	13%
Innlagt ungnautakjöt, kg - meðaltal á bú	15.727	16.263	17.306	10%
Meðalfjöldi innlagðra geldneyta - bú	54,6	56,5	60,3	11%
Fallþungi geldneyta, kg	288,3	287,8	287,0	0%
Meðalaldur geldneyta við slátrun (mán)	24,50	24,34	23,86	-3%
Vaxtarhraði geldneyta, gr. fallþ./dag	372	374	380	2%
Sláturmat geldneyta - gerð	5,71	5,95	6,03	6%
Sláturmat geldneyta - fita	5,73	5,74	5,71	0%
Fjöldi innlagðra kúa alls	149	221	184	23%
Fallþungi kúa, kg	226,4	225,5	238,1	5%

Svo sem sjá má eru þátttökubúin að jafnaði vel yfir landsmeðaltali hvað varðar vænleika og flokkun gripanna en til samanburðar var landsmeðaltal unguneyta 256,4 kg og gerðarflokkun skv. EUROP-kjötmati 4,9 á árinu 2023.

## Afurðatekjur og framleiðslukostnaður

Afurðatekjur og kostnaður er hér reiknað á kg kjöts sbr. 3. töflu. Þar sem ekki var alltaf hægt að greina á milli tekna af nauta- og kýrkjöti í bókhaldi bænda er allt kjötinnleggið notað í samanburði. Það hefur þó óveruleg áhrif enda kýrkjötið með litla hlutdeild í heildarkjötinnleggi gagnasafnsins eða að jafnaði 6,6%. Ef horft er á afkomutölur að þá hefur átt sér stað mikil breyting á síðustu árum. Tekjur á innlagt kg hafa aukist um 41% á þessum þremur árum. Þar veða hækkanir á afurðaverði þyngst en einnig hafa viðbótargreiðslur frá ríki skipt verulegu máli árin 2022-2023. Á árinu 2021 komu einnig viðbótargreiðslur og þá sem sláturálag í nautgriparækt vegna Covid-19. Þær greiðslur voru ekki sérstaklega greindar í verkefninu sem skýrir herra sláturálag á nautakjöt það ár. Fjárfestingastyrkir vegna framkvæmda eru inni í liðnum önnur landbúnaðartengd framlög og því geta þær tekjur verið breytilegar milli ára.

Verðhækkanir á afurðastöðvarverði nautakjöts urðu í lok árs 2021 og aftur árið 2022 en þá hækkaði afurðastöðvaverð um 5-15% eftir vænleika og flokkun gripa. Árið 2023 urðu jafnframt hækkanir á afurðastöðvaverði, sem koma fram í jákvæðri afkomuþróun nautakjötsframleiðenda á árinu 2023. Gripagreiðslum er hér deilt niður á innlögð kg til samræmis við annað uppgjör í verkefninu þrátt fyrir að þær greiðslur séu eingöngu til staðar á búum með holdakýr.

Sláturálag reiknast á innlögð geldneyti sem ná 250 kg fallþunga og gerðarflokkun yfir P+. Á árinu 2021 var greitt út sérstakt sláturálag vegna Covid-19 og tilfærsla varð sömuleiðis úr framleiðslujafnvægislið búvörusamninga. Á árinu 2022 voru greiddar út svokallaðar sprettgreiðslur sem komu til viðbótar við gripagreiðslur og sláturálag. Einnig voru greiddar sprettgreiðslur og sérstakar álagsgreiðslur út á jarðræktar- og landgreiðslur og eru þessir viðbótarliðir sérgreindir í 3. töflu. Samtals reiknast þessar einskiptisaðgerðir á árinu 2022 um 140 kr./kg eða um 10% af afurðatekjum ársins. Árið 2023 voru greiddar viðbótargreiðslur ofan á gripagreiðslur holdakúa auk viðbótargreiðslna vegna nýliðunar- og fjárfestingastuðnings sem nam 123 kr./kg að jafnaði en þessum greiðslum var mjög misskipt milli aðila.

**Tafla 3: Tekjur tengdar nautaeldi og framleiðslukostnaður greint niður á kg kjöts. Meðaltöl áranna 2021-2023 á föstu verðlagi hvers árs.**

<b>Tekjur</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>	<b>Breyting</b>
Afurðatekjur	816	976	1.189	<b>46%</b>
Gripagreiðslur	133	147	173	<b>30%</b>
Sláturálag	142	96	91	<b>-35%</b>
Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir	53	49	48	<b>-10%</b>
Önnur landbúnaðartengd framlög	16	17	13	<b>-20%</b>
Viðbótargreiðslur frá ríki		140	123	
<b>Samtals tekjur af nautgriparækt</b>	<b>1.160</b>	<b>1.424</b>	<b>1.637</b>	<b>41%</b>
<b>Breytilegur kostnaður</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>	<b>Breyting</b>
Aðkeypt fóður	197	160	201	<b>2%</b>
Áburður og sáðvörur	177	247	215	<b>21%</b>
Rekstur búvéla	122	150	155	<b>27%</b>
Rekstrarvörur	73	88	76	<b>4%</b>
Aðkeypt þjónusta	128	151	128	<b>0%</b>
<b>Breytilegur kostnaður alls</b>	<b>698</b>	<b>796</b>	<b>775</b>	<b>11%</b>
<b>Framlegðarstig afurðatekna</b>	<b>39,9%</b>	<b>44,1%</b>	<b>52,7%</b>	<b>32%</b>
<b>Fastur kostnaður</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>	<b>Breyting</b>
Tryggingar	16	16	16	<b>5%</b>
Rafmagn og heitt vatn	16	15	15	<b>-6%</b>
Viðhald eigna	58	56	76	<b>31%</b>
Rekstrarkostnaður bifreiða	36	37	33	<b>-6%</b>
Annar rekstrarkostnaður	118	112	157	<b>33%</b>
Laun og launatengd gjöld	205	208	199	<b>-3%</b>
<b>Fastur kostnaður alls</b>	<b>448</b>	<b>443</b>	<b>496</b>	<b>11%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða af nautaeldi</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>	
EBITDA	14	185	366	
Afskriftir	225	233	241	
Fjármagnsliðir	172	227	225	
<b>Hagnaður/tap</b>	<b>-383</b>	<b>-275</b>	<b>-99</b>	

Samtals afurðatengdar tekjur (allt framleitt kjöt, seldir gripir og opinberar greiðslur) fara vaxandi úr 1.160 kr./kg árið 2021 í 1.637 kr./kg árið 2023. Hækkun afurðatekna vegna kjöts á milli áranna 2021-2023 er 373 kr./kg eða 46%. Séu tekjurnar reiknaðar á hvern grip eru þær 329.457 kr./grip árið 2021 og árið 2023 eru þær orðnar 463.753 kr./grip (sjá Viðauka 1).

Á árinu 2022 er kostnaður vegna aðkeypts fóðurs ekki lengur stærsti einstaki liðurinn heldur er það áburður og sáðvörur, sem er þá 31% af breytilegum kostnaði alls. Árið 2023 hækkar fóðurkostnaður



aftur frá fyrra ári en áburður er áfram stærsti einstaki þátturinn. Breytilegur kostnaður lækkar lítillega á milli áranna 2022-2023 en hér er breytileikinn hjá þáttökubúum gríðarlega mikill því sum búin kaupa nánast ekkert kjarnfóður heldur einbeita sér alfarið að eldi með eigin gróffóðri og jafnvel kornrækt til kjötframleiðslu. Önnur bú einbeita sér að einskonar þaueldi með kjarnfóðri og/eða korni og auka þar með vaxtarhraða gripanna og slátra þeim yngri samhliða góðum vænleika og flokkun. Hluti af kostnaði við aðkeypt fóður hjá einstökum búum er tilkominn vegna kaupa á mjólkurdufti, þar sem hvorki eru mjólkurkýr né holdakýr til staðar.

Framlegð af nautakjötsframleiðslunni hefur hækkað um 32% frá árinu 2021 og var árið 2023 52,7% að meðaltali og verður það að teljast gríðarlega miklar og jákvæðar breytingar.

Fasti kostnaðurinn lækkar á milli ára og munar þar mestu um aukið viðhald og hækkun á öðrum rekstrarkostnaði en laun lækka hlutfallslega á innlagt kg. Aukinn viðhaldskostnaður endurspeglar uppsafnaða viðhaldspörf og að bændur hafa gengið á eignir. Fjármagnsliðir hækka um 53 kr./kg eða 31% á milli áranna 2021 og 2023 og sé það reiknað yfir á sláturgripi nemur hækkunin um 14.838 kr./grip.

Framleiðslukostnaður á hvert kg kjöts, án afskrifta og fjármagnsliða, lækkar um 11% frá árinu 2021, eða úr 1.146 kr./kg í 1.271 kr./kg árið 2023, sem er undir almennum verðlagshækkunum. Það lýsir vel þeirri hagræðingu sem hefur orðið á búunum.

Þó að tap sé á framleiðslu nautakjöts öll árin, sjást þó skýr merki um bættan rekstur. Skv. meðaltali þáttökubúa var tapið 383 kr./kg árið 2021 en var komið niður í 99 kr./kg árið 2023. Þar hjálpuðu einkisgreiðslur frá ríki vissulega mikið, sem reiknast um 123 kr./kg hjá þáttökubúunum.

## **Samanburður á búum eftir framleiðslukerfum**

Í 4. töflu er gerður samanburður á framleiðslutölum þáttökubúa eftir því hvort þau eru með holdakýr eða ekki. 18 af 37 búum árið 2023 eru með holdakýr og eru þau með 56% af innlögðum ungnautum og innlögðu ungnautakjöti. Það kemur á óvart að búin eru með svipaðan fallþunga en vaxtarhraði eykst þó meira á búum þar sem eru hreinræktaðir holdagripir og holdablendingar. Á þeim búum er jafnframt mun betri flokkun gripa og greinileg merki um bættan árangur í eldi vegna notkunar á nýju Angus erfðaeefni.

**Tafla 4: Samanburður fyrir rekstrarárin 2022-2023. Fjöldi geldneyta, fallþungi og flokkun eftir því hvort bú halda holdakýr eða ekki.**

Framleiðslutölur	Bú með holdakýr		Ekki holdakýr	
	2022	2023	2022	2023
Fjöldi bóa	19	18	18	19
Fjöldi geldneyta alls	1.088	1.245	1.003	986
Innlagt ungnautakjöt, alls kg	316.527	359.547	285.219	280.758
Innlagt ungnautakjöt, kg - meðaltal á bú	16.659	19.975	15.846	14.777
Meðalfjöldi innlagðra geldneyta - bú	57,3	69,2	55,7	51,9
Fallþungi geldneyta, kg	290,9	288,8	284,4	284,7
Meðalaldur geldneyta við slátrun (mán)	24,32	23,68	24,36	24,08
Vaxtarhraði geldneyta, gr. fallþ./dag	378	386	369	374
Sláturmat geldneyta - gerð	6,74	6,80	5,09	5,05
Sláturmat geldneyta - fita	6,00	6,06	5,46	5,26

Í 5. töflu er samanburður á afkomu nautaeldis eftir því hvort bóúið er með holdakýr til kjötframleiðslunnar eða eingöngu verið að ala gripi til slátrunar og þá yfirleitt nær alfarið íslenska gripi. Afurðatekjur nautaeldis í heild reiknast þar hærrí á holdakúabúum enda fylgja þar gripagreiðslur og hærrí viðbótargreiðslur, auk þess sem að afurðatekjur af kjöti eru rúmlega 10% hærrí, sem skýrist m.a. af betur gerðum gripum. Samningar við kjötvinnslur og sala á kjöti beint frá býli hafa þarna líka áhrif. Á árinu 2023 var eitt þátttökubúíð hætt með holdakýr. Þar sem gripagreiðslur eru reiknaðar á grundvelli árskúa er það skýringin á því að það reiknast örlitlar gripagreiðslur það ár í flokki bóa sem halda ekki holdakýr.

Á árinu 2023 er breytilegur kostnaður um 15% hærrí á búum með holdakýr en engu að síður er framlegðarstig þar 55,8% á móti 46,5% á hinum búunum. Fastur kostnaður á holdakúabúunum er hærrí en á hinum búunum og fjármagnsliðir verulega hærrí en þegar upp er staðið er tap af nautaeldi 98 kr./kg minna á holdakúabúunum en hinum og er það viðsnúningur frá árinu 2022. Skýringin liggur í því að umrædd bú með holdakýr fengu mun meiri viðbótargreiðslur frá ríkinu árið 2023.

Rétt er að geta þess að holdakúabúin hafa almennt verið í meiri uppbyggingarfasa á síðustu árum og þar með þurft að mæta vaxandi fjármagnskostnaði á meðan að hlutfallslega færri bú í hinum flokknum hafa verið að byggja upp aðstöðu til nautaeldis.

**Tafla 5: Samanburður fyrir rekstrarárin 2022-2023. Tekjur tengdar nautaeldi og framleiðslu-kostnaður greint niður á kg kjöts eftir búsgerð.**

Tekjur	Bú með holdakýr		Ekki holdakýr	
	2022	2023	2022	2023
Afurðatekjur	1.016	1.234	924	1.124
Gripagreiðslur	262	291	0	3
Sláturálag	89	82	104	105
Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir	57	53	38	41
Önnur landbúnaðartengd framlög	20	15	13	10
Viðbótargreiðslur frá ríki	155	174	120	50
<b>Samtals tekjur af nautgriparækt</b>	<b>1.599</b>	<b>1.848</b>	<b>1.199</b>	<b>1.334</b>
<b>Breytilegur kostnaður</b>				
Aðkeypt fóður	130	167	199	251
Áburður og sáðvörur	270	235	217	185
Rekstur búvéla	166	169	129	135
Rekstrarvörur	97	87	76	61
Aðkeypt þjónusta	199	160	90	82
<b>Breytilegur kostnaður alls</b>	<b>863</b>	<b>817</b>	<b>710</b>	<b>713</b>
<b>Framlegðarstig afurðatekna</b>	<b>46,0%</b>	<b>55,8%</b>	<b>40,7%</b>	<b>46,5%</b>
<b>Fastur kostnaður</b>				
Tryggingar	16	18	14	13
Rafmagn og heitt vatn	14	15	16	16
Viðhald eigna	66	86	43	63
Rekstrarkostnaður bifreiða	39	29	35	40
Annar rekstrarkostnaður	143	211	72	78
Laun og launatengd gjöld	239	214	169	177
<b>Fastur kostnaður alls</b>	<b>517</b>	<b>573</b>	<b>349</b>	<b>386</b>
<b>Rekstrarniðurstaða af nautaeldi</b>				
EBITDA	220	458	139	234
Afskriftir	223	244	246	235
Fjármagnsliðir	312	273	118	156
<b>Hagnaður/tap</b>	<b>-314</b>	<b>-59</b>	<b>-224</b>	<b>-157</b>

## Rekstraryfirlit þátttökubúa

Í 6. töflu kemur fram yfirlit yfir rekstur þátttökubúanna og er þá bæði verið að skoða afkomuna af sjálfu nautaeldinu en einnig af heildarrekstri. Hlutdeild nautgripatekna af heildartekjum fer vaxandi ár frá ári og er orðið að jafnaði um 39% árið 2023. Inni í liðnum heildartekjur eru tekjur tengdar öðrum búgreinum og ýmiskonar verktöku, auk tekna af öðrum framlögum.

Þegar 6. tafla er skoðuð þá er rekstrarafgangur af nautaeldi (EBITDA) árið 2023 jákvæður um rösklega 6,7 milljónir króna en aðrar rekstrartekjur þurfa að koma til svo þátttökubúin nái endum saman að meðaltali. Árið 2022 var fyrsta árið frá árinu 2017 þar sem afkoma af heildarrekstri þessara búna var að jafnaði jákvæð og árið 2023 var afkoma búanna jákvæð um 1,6 milljónir króna. Þrátt fyrir að skuldir hafi aukist hefur skuldahlutfall lækkað í takt við auknar tekjur. Fjármagnskostnaður búanna vegna nautaeldis hefur aukist um 45% á milli áráanna 2021 og 2023, sem er verulega íþyngjandi. Eins er áberandi hvað búin eru að reikna sér lág laun fyrir sitt vinnuframlag.

**Tafla 6: Rekstraryfirlit þátttökubúa. Fjárhæðir í þúsundum króna á föstu verðlagi hvers árs.**

<b>Afkoma af nautaeldi</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>
Samtals afurðatekjur	19.337	25.075	30.269
<i>Hlutfall afurðatekna af heildartekjum</i>	<i>35,0%</i>	<i>36,9%</i>	<i>39,0%</i>
Breytilegur kostnaður alls vegna nautaeldis	11.629	14.020	14.323
Fastur kostnaður alls vegna nautaeldis	7.470	7.805	9.178
<i>þar af:</i>			
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	<i>3.422</i>	<i>3.667</i>	<i>3.677</i>
<b>EBITDA af nautaeldi</b>	<b>239</b>	<b>3.251</b>	<b>6.769</b>
Afskriftir vegna nautaeldis	3.747	4.096	4.450
Fjármagnsliðir vegna nautaeldis	2.868	3.993	4.157
<b>Hagnaður/tap af nautaeldi</b>	<b>-6.376</b>	<b>-4.837</b>	<b>-1.838</b>
<b>Afkoma af heildarrekstri</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>
Tekjur af annarri starfsemi	35.898	42.932	47.357
Samtals heildartekjur	55.235	68.008	77.627
Heildarkostnaður vegna annarrar starfsemi	31.958	37.919	43.898
<b>EBITDA af heildarrekstri</b>	<b>11.901</b>	<b>18.325</b>	<b>22.742</b>
Hlutfall EBITDA alls af heildartekjum	21,5%	26,9%	29,3%
<b>Hagnaður/tap af heildarrekstri</b>	<b>-2.436</b>	<b>176</b>	<b>1.621</b>

Í 7. töflu koma fram heildarskuldir þátttökubúa en breytilegt er eftir búum hve stór hluti skulda er beinlínis vegna nautaeldis. Langtímaskuldir aukast um 9% á milli ára en skammtímaskuldir um 13%. Skuldahlutfall fer lækkandi í takt við aukna veltu. Skuldir sem hlutfall af heildar EBITDA segir mikið til um rekstrarhæfni búanna og er jafnan viðmiðið að reksturinn sé orðinn mjög erfiður þegar hlutfallið er komið yfir 7. Eins og kemur fram í töflunni er mjög jákvæð þróun á því hlutfalli á tímabilinu.

**Tafla 7: Yfirlit yfir heildarskuldir þátttökubúa. Fjárhæðir í þúsundum króna á föstu verðlagi hvers árs.**

	2021	2022	2023
Langtímaskuldir í árslok	88.877	94.227	96.867
Skammttímaskuldir í árslok	20.535	22.891	26.260
<b>Skuldir alls</b>	<b>109.412</b>	<b>117.118</b>	<b>123.127</b>
Skuldahlutfall	1,98	1,72	1,59
Skuldir sem hlutfall af heildar EBITDA	9,19	6,39	5,41

## Samantekt og afkomuhorfur

- Þegar upp er staðið ná afurðatekjur af nautaeldi ekki að mæta framleiðslukostnaði þegar á heildina er litið en engu að síður hefur orðið mjög jákvæð þróun í afkomu búanna.
- Skv. gögnunum var rekstrarafgangur fyrir afskriftir, skatta og fjármagnsliði (EBITDA) jákvæður um 14 kr./kg kjöts árið 2021 en um 366 kr./kg árið 2023. Munar þar verulega um hækkað afurðaverð og einkisgreiðslur úr ríkissjóði á móti auknum framleiðslu- og rekstrarkostnaði. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var rekstrarniðurstaða ársins neikvæð um 99 kr./kg. Það er mun skárri niðurstaða en fyrir undanfarin ár.
- Fjármagnskostnaður búanna hækkaði mikið á milli árána 2021-2022 en árin 2022-2023 er hann svipaður sé hann reiknaður á innlagt kg en hækkar í krónum talið. Verðbótapáttur verðtryggðra lána og háir stýrivextir setja verulegt mark á afkomu skuldsettra búa. Það kemur niður á launagreiðslugetu búanna og þar með afkomu fjölskyldunnar sem yfirleitt er nátengd búrekstrinum.
- Léleg afkoma af nautaeldi undanfarin ár hefur haft þau áhrif að ásetningur nautkálfa hefur dregist verulega saman og er samdráttur í framleiðslu þó hlutfall holdagripa hafi aukist. Innflutningur hefur aukist verulega og markaðshlutdeild íslensks nautakjöts hefur dregist saman.
- Miðað við niðurstöður ársins 2023 þarf afkoman í greininni að batna að lágmarki um 100 krónur á kílóíð. Til að ná frekari afkomubata þarf samspil ýmissa þátta, svo sem afurðaverðs, ríkisstuðnings, áframhaldandi hagræðingar í rekstri búanna og síðast en ekki síst hagfelldara vaxtaumhverfi.
- Á tímabilinu er greinilega jákvæð þróun í kjötmati og auknum vaxtarhraða gripa. Aukið vægi Angusgripa í ræktunarstarfinu er að byrja að koma fram á árinu 2023 og endurspeglast í meiri vaxtarhraða og betri fóðurnýtingu en áður hefur sést.

## Viðauki 1

**Tafla 8: Tekjur af nautaeldi og framleiðslukostnaður greint niður á sláturgrip. Meðaltöl árunna 2021-2023 á föstu verðlagi hvers árs.**

<b>Tekjur</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>	<b>Breyting</b>
Afurðatekjur	231.768	274.999	336.831	<b>45%</b>
Gripagreiðslur	37.813	41.544	49.046	<b>30%</b>
Sláturálag	40.211	27.010	25.893	<b>-36%</b>
Landgreiðslu- og jarðræktarstyrkir	15.109	13.711	13.552	<b>-10%</b>
Önnur landbúnaðartengd framlög	4.556	4.704	3.617	<b>-21%</b>
Viðbótargreiðslur frá ríki		39.323	34.813	
<b>Samtals tekjur af nautgriparækt</b>	<b>329.457</b>	<b>401.292</b>	<b>463.753</b>	<b>41%</b>
<b>Breytilegur kostnaður</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>	<b>Breyting</b>
Aðkeypt fóður	55.972	45.128	57.033	<b>2%</b>
Áburður og sáðvörur	50.391	69.644	60.796	<b>21%</b>
Rekstur búvéla	34.700	42.239	43.888	<b>26%</b>
Rekstrarvörur	20.750	24.722	21.518	<b>4%</b>
Aðkeypt þjónusta	36.313	42.632	36.200	<b>0%</b>
<b>Breytilegur kostnaður alls</b>	<b>198.125</b>	<b>224.365</b>	<b>219.436</b>	<b>11%</b>
<b>Framlegðarstig afurðatekna</b>	<b>39,9%</b>	<b>44,1%</b>	<b>52,7%</b>	<b>32%</b>
<b>Fastur kostnaður</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>	<b>Breyting</b>
Tryggingar	4.421	4.372	4.626	<b>5%</b>
Rafmagn og heitt vatn	4.513	4.172	4.254	<b>-6%</b>
Viðhald eigna	16.562	15.670	21.601	<b>30%</b>
Rekstrarkostnaður bifreiða	10.113	10.469	9.452	<b>-7%</b>
Annar rekstrarkostnaður	33.364	31.535	44.339	<b>33%</b>
Laun og launatengd gjöld	58.295	58.683	56.337	<b>-3%</b>
<b>Fastur kostnaður alls</b>	<b>127.268</b>	<b>124.900</b>	<b>140.609</b>	<b>10%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða af nautaeldi</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>	
EBITDA	4.064	52.027	103.709	
Afskriftir	63.834	65.546	68.178	
Fjármagnsliðir	48.857	63.894	63.695	
<b>Hagnaður/tap</b>	<b>-108.627</b>	<b>-77.413</b>	<b>-28.164</b>	